

Pési



Lesið þetta

- Sveitarstjóra spjall
- Auglýsingar
- Fréttir
- Aðalfundur

Næsti Pési kemur

út 16. maí 2011

Skil á efni er

10. maí

Efni í þessu blaði:

Forystugrein	2
Tónleikar	4
Café Mika	8
Hrunaspjall	15
Búnaðarfélagið	20
Zero	24
Leikskólafréttir	27

Apríl 2011

Ritstjóri og ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir - svanhildur@fludir.is

Hrunamannahreppur, Akurgerði 6, 845 Flúðir

21. árgangur. 248. tölublað. pesi@fludir.is. Sími. 480 6600



Ungmennaskipti

Let's do business, Laugarvatni 25. mars – 1. apríl
Ellefu ungmenni frá Zero tóku á móti hópum frá félagsmiðstöð í Englandi og framhaldsskóla í Eistlandi síðustu vikuna í mars. En öll tóku þau þátt í verkefni um nýsköpun og frumkvöðla í heimabyggð sem styrkt var af Evrópu unga fólksins (Youth in Action), ungmennaáætlun Evrópusambandsins. Héldu þátttakendur til í Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni ásamt sjö fararstjórum í mjög góðu yfirlæti.



Eldri borgarar að störfum í Heimalandi

. Ljós: SigSigm



Sveitarstjórapistill

Á hinu „nýja Íslandi“ gerir maður orðið gjarnan ráð fyrir að það sé komið vor í apríl. Kannski er það ofmat að það sé komið vor en samt finnst manni að vorlyktin sé á næstu grösom og eitt er víst að vorið er tími upprisunnar. Þannig virðast páskaþingur og vorið falla saman þetta árið. Nú stefnir allt í að Sveitarfélagið Ölfus, Hveragerði og sveitarfélögin í Uppsveitum og Flóa stofni með sér sameiginlegt félagsþjónustusvæði. Hugmyndafræðin er að vera með sameiginlega velferðarnefnd og sameiginlegan félagsmála- stjóra en þrjú sjálfstæð starfssvæði eins og verið hefur. Þetta er mjög áhugavert verkefni en þessi málaflakkur, ekki síst með flutningi á málefnum fatlaðra til sveitarfélaga, er orðinn mjög umfangsmikill og vaxandi þáttur í rekstri sveitarfélaganna. Það hefur verið mjög gefandi að vinna með hinum sveitarfélögum í þessari vinnu þar sem markmiðið hefur verið að útbúa verkfæri fyrir sveitarfélögin til að veita vonandi enn betri og faglegri þjónustu í þessum málaflakki. Samvinna og samrekstur á ákveðnum þáttum milli sveitarfélaga er til þess fallin að bæta samskipti og brjóta oft niður ónaúðsýnleg landamæri milli sveitarfélaga eins við þekkjum best í Uppsveitum og Flóa. Sveitarfélagið er einnig að prófa sig áfram með nýja þjónustu vegna fjallaskála. Búið er að gera samning við Loft S. Magnússon um að taka skálana 4 á Hrunamannaafretti til leigu og sér hann um útleigu og rekstur skálanna og sér um viðhald þeirra í samvinnu við sveitarfélagið. Vonandi leiðir þessi samningur til þess að skálarnir verða enn meira notaðir og ástand þeirra verði okkur öllum til sóma. Einnig hefur sveitarfélagið samþykkt að ganga til samninga við valkyrjurnar í Auðsholti um að vera með bændamarkað í sumar í handavinnustofu skólans í íþróttahúsinu. Gaman er að vita til þess að fólk er tilbúið til að bjóða upp á slíka þjónustu en hætta var á að þessi starfssemi dytti upp fyrir sökum þess að ekki fengist húsnæði til þess. Framkvæmdir sem sveitarfélagið ákvað að ráðast í eru að fara af stað. Búið er að setja upp myndavéla- og öryggiskerfi í sundlauginu og koma fyrir hátölurum á útsvæði þannig að heitapottaumræðan fær nú samkeppni frá síbyljunni. Þá hefur hreppsnefnd ákveðið að fara út í framkvæmdir í Heimalandi þannig að útbúin verður ein góð íbúð úr hálfgerðri bráðabrigðaíbúð sem var í Vesturbrún 12. Það er ávallt gleðilegt að geta boðið öldruðum upp á góða aðstöðu og ég leyfi mér að segja að starfssemi aldraða sé til sóma í Heimalandi. Þá er búið að semja um múrviðgerðir á Félagsheimilinu og áfram verður haldið að skipta um glugga í skólanum. Þá verður vonandi tekinn upp pensill víða til að stofnanir okkar líti betur út. Búið er að skipa nýja ruslamálaráðherra og sú heppna sem varð fyrir valinu var Erla Björk Arnardóttir. Það er gaman að þessum sið og eins og ég hef áður talað um er afar mikilvægt að sveitarfélagið okkar líti vel út. Það verður aukinn umferð um svæðið í sumar og vonandi verður það fyrsta sem gestir okkar taka eftir sé snyrtimennska og smekkvísi. Vil ég hvetja alla, bæði íbúa og fyrirtæki, að hugsa fyrir þessu. Einnig hvet ég fólk að nýta sér aðstöðuna á gámasvæðinu til að flokka sopp en til stendur að skoða í vor hvort hægt sé að bæta aðstöðuna þar með einhverjum hætti. Hvet ég bændur t.d. til þess að nýta sér aðstöðuna á gámasvæðinu til að losa rúlluplast þar í tilgerða gáma eða nýta sér þjónustu Tómasar Þóris að ná í plast heim á bæi en aðeins hefur borið á að verið sé að setja rúlluplast í heimilissoppgáma. Að lokum vil ég óska fólki og fénaði gleðilega páska og vona að fólk geri þá hátíð að fjölskylduhátíð í besta skilningi þess orðs.

Vorkveðjur

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Sunnlenskir hátíðartónleikar
Skálholtskirkju 20. apríl kl. 20:30

Vörðukórinn

*Sunnlenskir hljóðfæraleikarar og einsöngvarar
Hátíðardagskrá tengd föstu og dymbilviku*

Kórsöngur : Vörðukórinn flytur m.a. kafla úr
Sálumessu eftir:

W.A. Mozart við undirleik hljómsveitar

Einsöngur: Sunnlenskir söngnemar syngja einsöng

Hljóðfæraleikur: Orgel, selló og trompet

Upplestur: Hr. Karl Sigurbjörnsson biskup les úr
Passíusálmunum

Miðaverð: kr. 2000. Frítt fyrir börn á grunn-
skólaaldri

Miðasala hjá:

Guðbjörgu sími: 8986683

Þuríði (Dúddu) sími: 8610015

Hólmfríði 8645670


Ath. ! Miðar eingöngu seldir í forsölu

Kveðjum vetur og fögnum sumri

með vandaðri dagskrá

í hátíðlegu um-

hverfi



Flúðaleið ehf

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-9:00

Brottför frá Reykjavík alla virka daga:

Kl 12:00 frá Landflutningum og

Kl 13:00 frá Flytjanda

Brottför frá Selfossi alla virka daga: 14:00

Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8:00-17:00 alla virka daga. sími: 486-1070 fax 486-6693

netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:

892-2370- Pálmar

892-2371 -Grímsnes, Laugardalur og Biskupstungur.

892-2372 - Skeiða- Gnúpverja- og Hrunamannahreppur

Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar



Samkaup strax

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga 09:00-19:00

Laugardaga 10:00-19:00

Sunnudaga 10:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

ÁSBÚÐIN

Þær breytingar hafa orðið að Múrbúðin á Flúðum hefur fengið nýtt nafn og heitir núna **ÁSBÚÐIN**, rekstraraðili er sá sami þ.e. **Vöndull ehf.** Vöruúrval er að mestu leyti það sama, en við höfum bætt við vörum frá **Líflandi** sem tengjast búrekstri. Málningarvörurnar eru frá **Flugger**. Flísar, parket, gólf dúkar og vörur tengdar þeim frá **Álfa-borg**, (verður komið í verslunina fljótlega eftir páska). Með þessum breytingum vonumst við til þess að geta veitt enn betri þjónustu og viljum jafnframt hér með þakka kærlega fyrir góðar viðtökur.

VERSLUM Í HEIMABYGGÐ – ALLRA HAGUR

Búslóð til sölu vegna flutninga

sófa sett 1+2+3 : 10000	Eldhúsborð 8.manna :5000
6.Eldhússtólar :5000	Stórt Tölvuborð :5000
lítið tölvuborð : 1000	horn tölvuborð : 1000
27" túbu sjónvarp : 5000	21" túbu sjónvarp : 5000
litlar græjur :5000	turn skápur m/gleri : 3000
turn skápur m/skúffum : 2000	
24" stráka hjól : 5000	stórt vinnuborð : 5000
stór örbylgjuofn : 5000	Ikea matarstóll (barna) : 1000
stór prentari tekur allt uppí a3 blöð og ljósmyndir : 8000	pústmyndir í ramma
ýmsar gerðir : verð á staðnum	2* kubbakertastjakar : 500 stk
gólf kertastjaki fyrir 6 kerti : 500	4* 14" 5 gata álfelgur : 10000
Varahlutir í opel östru : verð á staðnum,	stofugardínur 6.vængir : 3000

áhugasamir hafið samband í síma:

gonni: 8577406 anna : 8483062


heimasími : 4866700

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 14 júní til og með 22.júlí í sumar.
Miðað er við að umsækjendur séu fæddir á árunum 1993 –1997.

Skriflegar umsóknir þurfa að berast fyrir 9. maí
á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600 ,
eða á netfang: hruni@fludir.is



Gönguferðir hjá Félagi eldri Hrunamanna,
Hefjast þriðjudaginn 3.maí kl: 10:30.
Mæting við Félagsheimilið
Það er holt að hreyfa sig í góðum félagsskap
F.h.félagsins Eiríkur Þorgeirson

Starfsmaður frá Arion banka á Selfossi er til viðtals á Skrifstofu Hrunamannahrepps annan þriðjudag í hverjum mánuði
(næst 10. maí 2011)

Sauðfjábændur
Ullargámur verður staðsettur við vöruafgreiðslu Flúðaleiðar,
Smiðjustíg 10 Flúðum, frá 5.apríl til 2.maí. 2011.



Rúlluplast!
Bændur athugið!!
Á gámasvæðinu er staðsettur gámur fyrir rúlluplast.
Vinsamlegast hafið samband við Tómas Þóri í síma 899 3092, til að fá
nánari upplýsingar, eða ef óskað er eftir að plastið verði sótt heim.

Húsið okkar er til sölu gegn yfirtöku lána.!!!
Maria og Gregor 892 2372,-848 3447



Hár-Hrun
Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma
í síma: 486-5535 og **899-9665**.
Inga Birna.

Sundlaugin á Flúðum.

Opnunartími
Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00
Laugardaga 12:00-18:00
Sunnudaga: 12:00-18:00

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **480 5300**
Vaktsími í neyðartilvikum er 892 8804



Bjarkarhóll

Reykholti

Café Mika: opið alla páskana frá 10-18 en laugardaginn 23.apríl og sunnudaginn 24.apríl verður opið frá 10-21.

Meðal annars verður boðið upp á:

Humarkokteill með hvítu súkkulaði og chilli

Nautasteik með bernaise-sósu

Prjónabúðin Björk: opið alla páskana frá 10-18

Iceland RiverJet mun opna nýja aðstöðu sína í Bjarkarhóli og verður með sérstakt tilboð í boði um páskana. Kíkið á www.icelandriverjet.is eða hringið í síma 863-4506

Páskadagskrá í Bjarkarhóli

Skírdagur: Jóhanna Magnúsdóttir garðyrkjufraeðingur verður með fyrirlestur um vorverkin í garðinum og lífræna ræktun kl 15 .

Skartgripasýning: sýning á BR handsmíðuðum silfurskartgripum opnar kl 10 www.bogr.is

Föstudagurinn langi : kl 15 klassiskur gítarleikur

Kristinn Sigurgeirsson

Laugardagur 23. apríl kl 14 verður Rósa í Austurhlíð með kennslu í vöfluprjóni.

Kl 15 spila Erla Ellertsdóttir og Ingimar Einarsson á harmoniku.

Atvinna!!

Er ekki einhver, sem hefur áhuga á að vinna við ferðaþjónustu í sumar?
Upplýsingar hjá Vigdís í Syðra-Langholti
S: 861 6652

Atvinnuauðglýsingar (sumarstörf)

Trog ehf. Óskar eftir starfsmönnum til starfa á tjaldsvæðinu á Flúðum sumarið 2011. Um er að ræða vaktavinnu og er nánast öll vinnan um kvöld og helgar. Verið er að leita að einstaklingum, sem eru að lágmarki 16 ára. Í boði eru hlutastörf, jafnframt er óskað eftir einstaklingum í næturvinnu.

Peir, sem hafa áhuga eru beðnir að hafa samband við Vilberg í síma 618 5005 eða senda tölvupóst á netfangið tjaldmidstod@fludir.is
Leitast verður við að ráða í stöðurnar eins fljótt og auðið er.

Frá Hrunasókn. Fundarboð.

Aðalfundur Hrunasóknar verður haldinn í safnaðarheimilinu í Hruna miðvikudagskvöldið **27.apríl kl 20. 30.**

Venjuleg aðalfundastörf og kosningar. Kjósa þarf þrjá aðalmenn og þrjá varamenn til fjögurra ára.

Vonumst til að sjá sem flesta.

Sóknarnefndin.

Skartgripahönnun og smíði á Flúðum

Bjarni og Rudite á Högnastíg hafa hafið framleiðslu á skartgripum og hafa sett upp heimasíðu www.bogr.is

Þar getur fólk verslað skart eða komið á Högnastíg 4, vissara er að hringja áður s 8965007.

Skartið er selt undir nafninu B&R og er handsmíðað aðallega úr silfri ásamt Hrafn-tinnu úr Kerlingafjöllum sem er unnin hjá okkur, handslípuðum náttúrusteinum frá Sinai, Zirkonia eða demöntum.

Við höfum verið að þróa þetta í nokkur ár og leggjum áherslu á okkar eigin hönnun og handsmíði þannig að engir tveir hlutir séu nákvæmlega eins.

Sýning verður í Bjarkarhóli Reykholti sumardaginn fyrsta en auk þess erum við að koma okkur fyrir í nokkrum verslunum





FLÚÐA-TAXI

Uppsveita Árnessýslu

Jóh. Unnar Guðmundsson



Sími 893 1462

8 farpega bíll



Fjallaraf

sími 662 0530

Hjörleifur Ólafsson

Rafræðingur Lögglitur rafverktaki

Fossi

Hrunamannahreppi

845 Flúðir

Sími 662 0530

Fax 486 6432

fossi@fossi.is

Nýr umsjónarmaður skálanna á afrétti Hrunamanna

Loftur Magnússon verður umsjónarmaður gangnamannaskálanna á afrétti Hrunamannahrepps í sumar.

Hann gefur upp allar nánari upplýsingar og tekur á móti pöntunum í síma 896-0812. Netfang hans er loftur@magnusson.is

BYGGINGAR HÖNNUN OG RÁÐGJÖF

Bent Larsen Fróðason
B.Sc. Byggingafræðingur
Fellskoti 2, 801 Bláskógabyggð
e-mail bentlarsen77@hotmail.com
Gsm 844-7699



**Öll almenn teikni og hönnunaryvinna - Skipulagsvinna
Eftirlit - Útboðsgögn - Kostnaðaráætlanir - Byggingarstjórn**

Fréttatilkynning frá Matís Flúðum

Matís er nú að hefja námskeiðaröð um fagleg vinnubrögð við smáframleiðslu matvæla. Matís hefur á síðustu árum unnið að eflingu nýsköpunar í smáframleiðslu matvæla með uppsetningu matarsmiðja á Hornafirði og Flúðum. Í matarsmiðjunum er boðið upp á löggilta aðstöðu til matvælaframleiðslu með frumkvöðlastuðning, kennslu og ráðgjöf frá sérfræðingum Matís. Þannig hefur tekist að auka verulega tækifæri einstaklinga og smærri fyrirtækja til að fara út í matvælaframleiðslu með staðbundnum hráefnum.

Eftirfarandi námskeið verða haldin vorið 2011 í Matarsmiðjunni Flúðum:

30. apríl. Þurrkun matvæla. Grænmeti, krydd o.s.f.v.

14. maí. Reyking matvæla

Farið verður yfir öll meginatriði varðandi vinnslu og meðhöndlun vörunnar, allt þar til hún er komin á borð neytenda. Hvernig og hvað þarf til að framleiða hana (þ.á.m. hráefni, tækjabúnað, aðstöðu) Farið verður yfir kosti og galla ólíkra aðferða, hættur og hvað ber að varast, mat á gæðum o.f. Kennslan verður hvorttveggja, verkleg og bókleg.

Verð á námskeið er 15.000 krónur.

Skráning og frekari upplýsingar fást hjá:

Vilberg Tryggvasyni S: 858-5133 vilberg@matis.is

Starfsmenntasjóðir endurgreiða kostnað vegna námskeiðahalds til einstaklinga og fyrirtækja allt að 75%



Josera.

Í kjölfar samninga okkar við einn stærsta vítamín og steinefnaframleiðanda Þýskalands **Josera** langar okkur að kynna fyrir þér þá vörulínu sem við höfum uppá að bjóða frá þeim.

Vönduð vara á mjög samkeppnishæfu verði

Saltsteinar

Josera.

Steinefnafötur



Saltsteinn Natur
Saltsteinn

10 kg.

Verð m/vsk.
kr. 889,-



Saltsteinn Plus
Saltsteinn með viðbættu magnesíum, seleni og jöði

10 kg.

Verð m/vsk.
kr. 1.122,-



Steinefnablokk Uniblock
Steikiblokk með kalsíum, magnesíum, jöði, seleni og vítamínun

10 kg.

Verð m/vsk.
kr. 1.993,-

Steinefnafata Mineraleimer



Ahlíða steinefnafata fyrir kýr og hross
EKKI fyrir sauðfé

Verð m/vsk.
kr. 4.838,-

Steinefnafata Phosphoreimer



Steinefnafata með háu fosfór og seleninnihaldi
Fyrir nautgripi, sérstaklega fyrir geldkýr.
EKKI fyrir sauðfé

Verð m/vsk.
kr. 5.643,-

Steinefnafata Universal-schale



Ahlíða steinefnafata fyrir sauðfé.

15 kg.

Verð m/vsk.
kr. 3.164,-

Bætiefni fyrir kýr

Josera.



Complett - Keragen
Complett - Keragen er viðbótar steinefna- og vítamínfóður sem inniheldur meira en kjarnfóður af A og D3 vítamínun ásamt ýmsum snefilefnum.
Complett - Keragen hefur góð áhrif á jógurheilbrigði og klaufir. Ráðlagður dagskammtur 80-100 gr. á dag. Hentar vel í heilfóður sem og fyrir einstaklingsfóðrun.

Verð m/vsk.
kr. 6.000,-



Prophos - Keragen

Prophos - Keragen er fóður sem er æskilegt að gefa kúm tveimur til þremur vikum fyrir burð.
Prophos - Keragen dregur úr hættu á kalkskorti og hátt innihald af magnesíum Mg. og D3 vítamíni kemur í veg fyrir kalsíum skort í upphafi mjaltaskelðs.
Ráðlagður dagsskammtur 80 - 100 gr. á dag.

Verð m/vsk.
kr. 6.800,-

Undirburður

Josera.

Kálfaduft - skitumeðal



Desan - undirburður

Desan er náttúrulegur undirburður.

- Vinnur gegn óæskilegum bakteríum, sveppum og gerlamyndun.
- Til notkunar í bása, hálmbeð og steinbita.
- Þurrkar meðhöndluð sveði.
- Hefur góð náttúruleg áhrif vegna innhalds á náttúrulegum sýrum og olíum.
- Minnkar gasmyndun og dregur úr ammoníak lykt.
- Gefur góða lykt í gripahúsið.
- Æskileg notkun 50 - 100 gr. á m²
- Tilvalið til notkunar með sagi.

Verð m/vsk.
kr. 6.160,-



Supramil T - kálfaduft

Supramil T kálfaduft hefur góðan meltanleika og inniheldur sýrur sem vernda gegn skitu og meltingartruflunum

Vítakur - skituduft fyrir kálfa

Vítakur er náttúrulegt skituduft fyrir kálfa. Hentar bæði sem fyrirbyggjandi sem og fyrir kálfa sem fengið hafa skitu. Til blöndunar bæði í mjólk og eða vatn allt eftir ástandi kálfsins.



Verð m/vsk.
kr. 7.889,-

Verð m/vsk.
5 kg. kr. 8.638,-

Hikið ekki við að hafa samband við sölumann með frekari upplýsingar

480 5600
landstolpi.is



Gunnbjarnarholti
801 Selfoss

Vöruflutningar
Reykjavík—Árnessýsla

Vörumóttaka Héðingsgata
1-3



VÖNDULL ehf
FLUTNINGADJÓNUSTA Í
ÁRNESSÝSLU.



Brottför frá Reykjavík, Héðingsgötu 1-3 sími: 533
2211. Mánudaga til föstudaga kl. 12:00, Á Sel-

fossi hjá Húsasmiðjunni og Byko kl. 14:00 .Einnig hjá öðrum fyrir-
tækjum eftir þörfum.

Upplýsingar í síma: 856 1580 Unnar
856 1581 Stefán

VIOLA snyrtistofa á Flúðum
Eftirfarandi meðferðir eru í boði
Andlitsbað Húðhreinsun
Litun og plokkun Handsnyrting
Fótsnyrting Förðun Vaxmeðferðir
Tímamantanir í síma 566-8342
og 856-1599(Hlíf)

Reiðhjól til sölu.

Barnið vex en brókin ekki.

Höfum til sölu fallett og vel með farið reiðhjól af gerðinni FUJI.

Hjólið er nýfjrfarið og því í toppstandi.

Passar fyrir krakka á aldrinum 8-13ára.

Vorum að hugsa um að fá ca 18 þúsund fyrir þetta fína og
góða hjól.

Hef einnig til sölu glimrandi góðan og fínan tvíbreiðan svefnsofa, fæst fyrir
lítinn pening.

Nánari upplýsingar hjá Stínu í síma 8448211.

Vinsamlegast athugið breyttan opnunartíma yfir sumarmánuðina.

Bókasafnið er opið í apríl:

Mánudaga Kl. 20-21

Priðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga Kl. 16-18

Frá og með 1. maí tekur sumaropnunartíminn við:

Mánudaga Kl. 20-21

Priðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Fimmtudaga LOKAÐ

Aðgangur að tölvu fyrir almenning. Gjaldskrá ½ klst. kr. 150,-.

Alltaf eitthvað nýtt efni í hverri viku.

Vinsamlegast munið að skila bókum á réttum tíma.

Verið velkomin á bókasafnið sem er fullt af efni til fróðleiks og skemmtunar.

Bókasafn – Heilsulind hugans **J**

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 486 6708

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>

Tek að mér gerð:

Jarðafarakransa

Krossa

Kistuskreytinga

Handskrifaðir borðar með krönsum og krossum sé þess óskað.

Allt skreytingarefni úr sveitinni

Sýnishorn eru á Facebook síðunni

*Erla Björg Arnardóttir
Garðyrkjufræðingur
Flúðum
Sími: 858-3399*



Hrunaspjall

Fregnir fræðsla og tilkynningar úr Hrunaprestakalli, Ólafsvalla, Stóra-Núps, Hrepphóla og Hrunasóknum.

Passíusálmar

Það hefur verið fastur liður frá því árið 2000 að lesa passíusálmana í Hrepphóla-kirkju á föstudaginn langa. Þetta hefur verið gert í samstarfi þeirra sókna sem nú tilheyra prestakallinu. Fermingarbörn hverju sinni og fjölskyldur þeirra hafa borið uppi þetta verkefni. Fermingarbörnin eru í færra lagi að þessu sinni. Því hef ég ákveðið að bjóða þeim sem áhuga hafa að taka þátt í þessu að hafa samband við mig. Annað hvort með því að hringja (864-0802) eða senda tölvupóst (srerik@ismennt.is) Lesturinn stendur yfir frá kl.13 – 18. Boðið er upp á veitingar í safnaðarheimilinu meðan á lestrinum stendur. Gott er að vita hvaða tími hentar best og þá er hægt að úthluta sálum í samræmi við það.

Fermingar

Nú eru fermingar hafnar í prestakallinu, þrjú börn voru fermd á Ólafsvöllum síðastliðinn sunnudag. Hér eru nöfn þeirra barna sem fermost í þessum mánuði. Síðan verður aftur fermt á hvítasunnu, nöfn þeirra barna verða birt þegar nær því dregur.

Ólafsvallakirkja 10.apríl kl. 13:00

Gylfi Dagur Leifsson Brautarholti 24,
Hrafnhildur Magnúsdóttir Blesastöðum,
Rakel Georgsdóttir Ólafsvöllum,

Stóra- Núpskirkja Pálmásunnudag 17. apríl kl.11:00

Hugrún Embla Sigurðardóttir Öxl

Hrunakirkja Pálmásunnudag, 17. apríl, kl.14:00.

Andrea Lind Guðmundsdóttir, Stóru-Sandvík 3,
Eyrún Agnarsdóttir, Ísabakka,
Guðleif Erna Steingrimsdóttir, Suðurhófi 7, Flúðum.
Hafdís Smáradóttir, Laugalæk, Flúðum.
Olga Rós Guðjónsdóttir, Gröf, Flúðum.

Hrepphólakirkja, Skírdagur 21. apríl kl.13:00.

Anna Dagbjört Styrmissdóttir, Unnarholtskoti 2,
Jóhann Halldór Pálsson, Núpstúni.

Helgihald

Til viðbótar þeim stundum sem nefndar eru hér að framan og eru auðvitað öllum opnar þótt börn séu fermd og lestri passíusálma á föstudaginn langa þá eru hátíðarmessur á Páskadag sem hér segir:

Hrunakirkja kl.8:00 morgunkaffi í safnaðarheimili eftir messu.

Hrepphólakirkja kl.11:00

Stóra-Núpskirkja kl.14:00

Ólafsvallakirkja kl.16:00

Með ósk um uppbyggilega dymbilviku og hátíðlega páska,

Eiríkur Jóhannsson.

Miðvikudagur 20. apríl



Kl. 20:00 Miðilsfundur með Valgarði
Einarssyni
aðgangseyrir 1000,- kr.

Fimmtudagur 21. Apríl

Kl. 09.30 Hermundur Rósinkrans aðgangseyrir kr.
1.000,-

Kl. 13:00 Fyrirlestur Guðný Halla Gunnlaugsdóttir
Ilmur náttúrunnar, frír fyrirlestur en þeir sem vilja geta
lagt fram frjáls framlög.

Kl. 14:00 Indíanadans með Guðnýju Höllu

Kl. 16:00 Fyrirlestur Guðrúnar Aspar Sævarsdóttur.
–**Lítum inn á við**- aðgangseyrir kr. 1.000,-
Vera meðvitaður um hvað hefur góð/slæm áhrif á mann.

Kl. 20.00 Fyrirlestur Hallgrímur Magnússon læknir,
aðgangseyrir kr. 1000,-

Hægt er að panta í einkatíma hjá Valgarði miðli og
Hermundi Rósinkrans í síma hjá Hótel Geysi
Sími: 480 6800

www.geysircenter.is

Tilboð í gistingu í 3 nætur, veitingar í 3 daga og skemmtileg affreyning í boði.
Skoðið tilboðin á heimasíðu okkar á www.hotelgeysir.is

Kæru sveitungar og vinir!

Sú blákalda staðreynd að sonur okkar, Gústaf Þorvaldsson er ekki lengur á meðal okkar, er smátt og smátt að verða okkur fjölskyldunum á Syðra-Seli ljós.

Eftir situr sársauki og söknuður og ótti um framtíð ungu barnanna hans.

Því er það okkur mikill styrkur og hugarfró að finna þann mikla stuðning og hlýhug, sem við höfum notið frá ykkur, bæði einstaklingum og félögum í sveitinni okkar.

Það er ekki öllum gefið að fá að lifa í svona manneskjulegu umhverfi, þar sem einn fyrir alla og allir fyrir einn hugsun fær að dafna og samkennd og samhugur eru orð að sönnu.

Við vonum að við höllum ekki á neinn þó við minnumst hér á Björgunarfélagið Eyvind og slökkviliðið á Flúðum, sem brugðust skjótt við er kallið kom, svo og Gylfa lækni og hans lið.

Og séra Eiríkur, innilegar þakkir fyrir allar heimsóknirnar og kaffisopaspjalli sem svo sannarlega dreifði hugarum og létti sálartetrið.

Innilegar þakkir

Í Guðs friði.

Fjölskyldurnar Syðra-Seli



***Skrifstofa Hrunamannahrepps.
Sumar opnunartími hreppsskrifstofu***

***Mánudaga til fimmtudaga:
09:00-12:00 og 13:00-16:00
Föstudaga: 09:00-12:30***

SS fréttir.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands fyrir árið 2010, var haldinn 25.mars sl. Að Goðalandi í Fljótshlíð. Fjórir fulltrúar úr Hrunamannadeild sóttu hann, þau Esther á Sólheimum, Bjarni Valur Skipholti, Eiríkur á Grafarbakka og Jóhanna á Hrafnkelsstöðum. Fundurinn var vel sóttur og málum gerð góð skil. Þrátt fyrir erfiðar ytri aðstæður gekk rekstur félagsins vel. Ég vil benda fólki á að lesa má ársskýrsluna á vef félagsins www.ss.is, en þar er líka margskonar fróðleikur. Árið 2011 verður krefjandi en Sláturfélagið nýtur sterkar stöðu.

Með kærri kveðju og ósk um áframhaldandi mikil og góð viðskipti.
Jóhann Hrafnkelsstöðum, deildarstjóri SS



Hótel Geysir leitar eftir vaktstjóra í veitingasal hótelsins ásamt þjónum, með mikla þjónustulund . Sundlaugarvörð við náttúru hverasundlaug Geysis í júní - loka ágúst.

Allar umsóknir sendist á mabil@geysircenter.is fyrir 25.apríl n.k.



www.geysircenter.is / mabil@geysircenter.is





HEILSUDAGAR Á HÓTEL GEYSI

20. – 23. APRÍL 2011

Einkatímar eru í boði hjá eftirtöldum aðilum alla dagana:

Valgarði Einarssyni miðli, einkatími kr. 6.000,-

Hermundur Rósinkrans talnaspekingur, einkatími kr. 6.000,-
(Athugið að bóka þarf með fyrirvara og gefa upp fullt nafn og kennitölu, því unnið er út frá tölum og nafni)

Guðný Halla Gunnlaugsdóttir, náttúruheilun, 60 mín +
einkatími kr. 5.500,-

Heiðar Ragnarsson nudd/svæðanudd 55 mínútur kr. 5.000,-

Heiðar Ragnarsson lithimnulestur og heilsuráðgjöf 30 mínútur
kr. 3.000,-

Guðrún Ösp Sævarsdóttir, heilun, ca. 60. mín, kr. 5.000,-

Guðrún Ösp Sævarsdóttir, hómopátía, ca. 90. mín, kr. 7.000,-

Rúnar Óskarsson, höfuðbeina- og spjaldhryggjarmedferð
(cranio sacral) ca. 60. mín, kr. 5.000,-

Pantið tímanlega í síma 480 6800

Tökum vel á móti þér

www.geysircenter.is

Skoðið tilboðin okkar á heimasíðu okkar á www.hotelgeysir.is

Frá Búnaðarfélagi Hrunamanna

Aðalfundur Búnaðarfélagsins var haldinn 21. mars sl. Rekstur Búnaðarfélagsins gengur ágætlega þó að veltan sé minni en áður. Tekin var sú ákvörðun að veita skuldlausum félagsmönnum 5% afslátt af tækjaleigunni. Það er því eftir nokkru að slægjast að ganga í félagið. Árgjöldin voru ákveðin kr. 2.500 fyrir árið 2011 og verða þau innheimt í haust. Við hvetjum áhugasama til að ganga í félagið.

Búið er að selja gömlu 3- og 4-skera plógana, pinnatætaran og kalkdreifarann. Búið er að kaupa nýjan 3-skera plóg, pinnatætara og kalkdreifara. Sl. haust var keypt kornsuga til þess að blása korni upp í síló eða aðra geymslu.

Nú fer að vora og viljum við minna á tækjaleigu Búnaðarfélagsins. Rétt er að minna á, að ef tækjum er skilað skítugum er innheimt 5.500 kr. hreinsunargjald. Sérstaklega er áriðandi að skila hestakerrunni hreinni þar sem hún fer landshluta á milli. Tækin eru staðsett á Hrafnkelsstöðum og Kotlaugum og sjá Aðalsteinn og Sigurjón um tækin. Pantanir eiga að berast til þeirra. Hestakerran er staðsett á Kotlaugum.

Ýtan og þreskivélin eru í umsjón Grétars Skúlasonar og eiga pantanir að berast til hans í síma 894-7208.

Nánari upplýsingar eru hjá Aðalsteini í síma 898-1591, Sigurjóni í síma 893-5212 og Þórunni í síma 860-1329.

Björgunarfélagið Eyvindur Merkjasamkeppni

Björgunarfélagið Eyvindur efnir til samkeppni um merki (logo) félagsins í tilefni þess að rúm tíu ár eru liðin frá stofnun þess. Skilyrði er að merkið sé ekki of flókið, hafi ekki fleiri liti en þrjá og komi vel út í svart-hvítu. Tillögur að merki skulu berast í umslagi merktu

” Björgunarfélagið Eyvindur- Merki”, til undirritaðra eða á heimilisfangið Smiðjustígur 8, 845 Flúðir, fyrir 15. maí 2011.

Fyrir nánari upplýsingar: Baldur s. 849-1758 eða Auður s. 845-6505
Félagið áskilur sér rétt til að hafna öllum tillögum.

Vegleg verðlaun í boði fyrir þá hugmynd sem verður valin.

Fyrir hönd Bf. Eyvindar

Baldur Örn Samúelsson og Auður Grétarsdóttir.

Verðskrá Búnaðarfélags Hrunamanna 2011
(Skuldlausir félagsmenn fá 5% afslátt)

Tæki	Verð	Eining	Athugasemdir
Ýta m/manni	11.500	klst	
Komugjald jarðýta	7.000		
Kornskurðarvél m/manni	18.900	klst	
Komugjald kornskurðarvél	13.200		
Kornvals	3.200	klst	
Kornsuga	1.500	á tonn	
Pinnatætari	2.500	klst	
Hnífatætari	2.500	klst	
Plógar 5 skeri	2.500	klst	
Plógar 3 skeri	2.000	klst	
Haughræra	6.000	klst	Ekki leigð utansveitar
Steypuvél	3.200	start	
Steypuvél pokagjald	55	poki	
Loftunarrípper	3.200	á dag	
Loftpressa	3.200	á dag	
Kalkdreifari	530	á tonn	
Haugsuga 0-20 tímar	3.100	klst	
Haugsuga 21-	2.500	klst	
Flaghefill	1.100	klst	
Sturtukerra 0-20 tímar	2.100	klst	
Sturtukerra 21-	1.700	klst	
Valtari	1.600	hektari	
Ruddasláttuvél	1.200	klst	
Diskaherfi	2.400	klst	
Fjaðraherfi	3.200	klst	
Hestakerra innansveitar	6.000	á dag	
Hestakerra utansveitar	11.000	á dag	Afréttur utansveitargjald
Hreinsunargjald	5.500		

Heillaskeyti og Minningarkort.

Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur á boðstólum heillaskeyti og minningakort til þeirra sem vilja senda kveðju og um leið styrkja Landsbjörgu eða einhverja einstaka aðildarsveit.

Hægt er að fara inná heimasíðu Landsbjargar, www.landsbjorg.is eða hringja á skrifstofu félagsins í síma 570-5900 til að ganga frá skeyti eða korti. Taka þarf fram hvaða sveit þú vilt styrkja og hvað mikið.

Með kveðju Björgunarfélagið Eyvindur

Stafganga

Nordic Walking

Stafgöngupjálfari

Júlíana Magnúsdóttir

Sími 861-7888



Almennt um stafgöngu

Stafganga eða Nordic walking á rætur sínar að rekja til Finnlands. Þjálfarar gönguskíðamanna létu kappana arka um með stafina sumarlangt eftir að snjó hvarf, til að halda efri hluta líkamans í þjálfun. Frá þeim tíma hefur fyrirtækið Exel þróað stafina og læknar og aðrir vísindamenn rannsakað áhrif stafgöngunnar á venjulegt fólk.

Þessi tegund hreyfingar er nú stunduð af milljónum manna og kvenna um heim allan og hentar jafnt ungum sem öldnum, hjartasjúklingum og keppnisfólki. Stafirnir eru einnig góð viðbótarþjálfun og frábært öryggistæki fyrir þá sem stunda línuskauta.

Aðferðir til að halda líkamanum í góðu formi eru margar og hver og einn þarf að finna það sem honum hentar. Ganga er okkur öllum eðlileg og því rösklegar sem gengið er, því fleiri hitaeiningum er brennt. Ef þig langar til að losna við nokkur kíló er gott til þess að vita að þú brennir jafn mörgum hitaeiningum á hvern kílómetra við stafgöngu og þegar þú hleypur. **Rannsóknir hafa leitt í ljós að brennslan getur verið 20% meiri en í venjulegri göngu og stafgangan styrkir líkamann að auki allt að 40% meira en venjuleg ganga.** Því er stafganga einföld og áhrifarík aðferð til að komast í gott form. Stafganga þjálfar alla stærstu vöðva líkamans en fyrst og fremst þann vöðva sem er mikilvægastur - hjartað.

Með því að nota stafi við gönguna virkjast vöðvar efri hluta líkamans meira en í venjulegri göngu og það losnar um spennu í efri hluta líkamans s.s. í hálsi og herðum. Ekkert aukaálag er á hné, ökkla eða hrygg. Þú þjálfar liðina í að þola álag án þess að leggja of mikið á þá.

Allt sem þarf til að stunda stafgöngu eru góðir skór og [sérhannaðir stafir í rétri hæð](#).

Þú getur æft hvar sem er og hvenær sem er. Þú getur notið þess að koma morgunhress til vinnu og gengið úr þér uppsafnaða streitu og þreytu dagsins á heimleiðinni, eða bara fengið þér góðan göngutúr, einsamall/sömul eða í góðra vina hópi.

Þetta er meðal annars ástæða þess að stafganga er orðin vel þekkt á Íslandi og hefur farið sem eldur í sinu um Evrópu og nýtur síaukinnar vinsælda meðal allra aldurshópa í Bandaríkjunum og Asíu.

Vatnsleikfimi fyrir alla
í Sundlauginni í Reykholti
27. apríl til 8. júní
mánudaga og miðvikudaga kl.16:30

13 skipti í vatnsleikfimi fyrir 5.000,-
svo þarf að kaupa afsláttarsundkort hjá sundlaugarvörðum.

Ekki er nauðsynlegt að kunna að synda til að stunda vatnsleikfimi, grunna laugin nýtist vel fyrir þá sem ekki eru syndir eða hafa ekki farið í sund lengi. Það er sama hvort þú átt erfitt með hreyfingu eða ert fær í fjallgöngur, hreyfingin í vatninu er góð fyrir alla og allir geta verið saman í einum hópi.

Hver og einn beitir sér eftir sinni getu og bætir við sig þreki og úthaldi vegna mótstöðu vatnsins á líkamann.

Skráðu þátttöku þína
í síma 861-7888 eða á lully@simnet.is.

Júlíana Magnúsdóttir
leiðbeinandi.

Aðalfundur björgunarfélagsins Eyvindar var haldinn þann 27. mars síðastliðin. Farið var yfir útköll og verkefni seinasta árs. Útköll og hjálparbeiðnir voru 20 talsins.

Voru þar af þrjú útköll sem flokkuðust undir hæsta forgang og var þá um að ræða sjúkraflutning og slys.

Gæslan í kringum gosstöðvarnar var talsverð og skiluðum við á þriðja hundrað tímum þar.

Ákveðið var að efna til samkeppni um logo fyrir félagið og voru Auður Grétarsdóttir og Baldur Örn Samúelsson fengin til að halda utan um það. Sjá auglýsingu.

Kosinn var nýr ritari og varaformaður þar sem Elvar Logi Gunnarsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu, formaður, gjaldkeri og meðstjórnendur gáfu áfram kost á sér. Kristinn Eiríksson var kosinn til starfa sem ritari og varaformaður.

Stjórn Eyvindar er nú.

Borgþór Vignisson formaður,

Kristinn Eiríksson varaformaðu og ritari,

Óskar Rafn Emilsson gjaldkeri,

Steingrímur Jónsson meðstjórnandi og

Ágúst Helgi Sigurðsson meðstjórnandi.

Kveðja stjórn Eyvindar

Páskaeggjaleit

Mánudaginn 18. apríl mun félagsmiðstöðin bjóða öllum börnum og unglingum að taka þátt í páskaeggjaleit í Kvenfélagsskóginum á Flúðum í samstarfi við Leikskólann Undraland. Allir fá heim með sér smá glaðning, óvæntur gestur gæti látið sjá sig og fleira leynist jafnvel falið í skóginum.

Ef vel tekst til í ár er stefnan að bjóða uppá samskonar viðar á starfssvæðinu.

Kl. 10:00 Undraland ásamt börnum í 1. og 2. bekk

Kl. 14:00 börn í 3.-6. bekk

Kl. 16:00 unglingar fæddir 1998 og eldri

Ungmennaskipti

Let's do business, Laugarvatni 25. mars – 1. apríl

Ellefu ungmenni frá Zero tóku á móti hópum frá félagsmiðstöð í Englandi og framhaldsskóla í Eistlandi síðustu vikuna í mars. En öll tóku þau þátt í verkefni um nýsköpun og frumkvöðla í heimabyggð sem styrkt var af Evrópu unga fólksins (Youth in Action), ungmennaáætlun Evrópusambandsins. Héldu þátt-takendur til í Íþróttamiðstöðinni á Laugarvatni ásamt sjö fararstjórum í mjög góðu yfirlæti.

Hóparnir höfðu undirbúið smiðjur og fyrirlestra fyrir hvern annan þar sem kynnt voru spennandi verkefni á sviði nýsköpunar og ötulir frumkvöðlar frá öllum löndunum. Þar að auki kynntu við okkur frumkvöðlastarfsemi hér í uppsveitunum, sérstaklega á sviði ferðaþjónustu. Unnið var úr því sem unnum í hópum að eigin hugmyndum. Markmið verkefnisins var að auka vitund og áhuga þátt-takenda á nýsköpun og öðrum leiðum til að auka atvinnutækifæri í dreifbýli. Nú bíðum við svars hvort við fáum styrk fyrir áframhaldi verkefnisins en stefnt er á að hóparnir hittist næst í ágúst og þá í Eistlandi þar sem ræða á um starfs-frama og hvernig hægt sé að skapa atvinnu fyrir næstu kynslóð. Að síðustu verður haldið til Englands í apríl 2012.

Einnig var margt gert sér til gamans þessa viku, meðal annars með kvöld-vökum, leikjum og keppnum í íþróttahúsinu, ferðum um sveitirnar og til Reykjavíkur ásamt allskonar flippi. Farið var á skauta, ratleik um miðbæ Reykjavíkur Margt var gert til að kynnast löndum og menningu hvers annars t.d. á fjölmenn-ingarkvöldi og með því að elda þjóðlega rétti frá hverju landi fyrir sig. Íslenski hópurinn skellti í kjötsúpu, en það gerðu sumir í fyrsta sinn en aðrir í annað skiptið á ævinni, rúgbrauð og flatbrauð með



hversdagslífið var sennis smeygt til og hennið framtíð

Mikið var um hlátur og bros alla vikuna þó þreytan sækti á þegar á leið enda dagskráin stíf. Meðfylgjandi eru nokkrar myndir, hægt er að nálgast fleiri á heimasíðunni, zero.fludir.is

Verkefni sem þetta gerist ekki af sjálfum sér og ómetanlegt að hafa stuðning samfélagsins á bak við sig eins og í okkar tilfalli, sérstökum þökkum viljum við koma til:

Kaffi Mika, HÚFA, Laugarvatn Adventures, fjölskyldunni á Tungufelli, starfsfólks á skrifstofu Hrunamannahrepps, ÞÁ bílum, Báru Sævaldsdóttur, Laugarvatn Hostel, Stefáns húsvarðar og allra þeirra sem studdu verkefnið með einum eða öðrum hætti.

Næstu ungmennaskipti

Í sumar fara fram önnur ungmennaskipti á Flúðum fyrir yngri aldurshóp en það verkefni hefur hópur unglunga skipulagt með jafnöldrum sínum í félagsmiðstöðinni Fallkulla í Helsinki. Það verkefni snýst um náttúru- og dýravernd ásamt útivist og dýrum í tómsundum.

Þeir sem fæddir eru á árunum 1996-1998 geta sótt um að vera með í þessu verkefni sem fer fram 22. júní – 1. júlí. Stefnt er á að heimsækja finnsku félagsmiðstöðina sumarið 2012.

Fallkulla er venjuleg félagsmiðstöð, ekki ósvipuð okkar fyrir utan það hún er einnig heimili fjölda húsdýra sem ungmennin sjá um að gefa og hirða ásamt starfsfólki.

Umsóknarfrestur vegna þessa verkefnis er að renna út en áhugasömum er bent á að hafa samband sem allra fyrst. Símanúmerin eru 483-1836 og 774-0015, tölvupóstfangið: hjalti@fludir.is

Nánar á heimasíðunni, zero.fludir.is

Samfés hátíðin

60 unglingar tóku þátt í ferð Zero á Samfés hátíðina 4.-6. mars. Auk þess að fara á tónleikanna þar sem unglingshljómsveitir spiluðu ásamt þekktum tónlistarmönnum og á lokakeppni söngkeppni samtakanna var farið á skauta og í keilu. Hópefli og skemmtun í öruggu umhverfi var það sem lagt var upp með í undirbúningi ferðarinnar og eru allir sammála um að vel hafi tekist með hvort tveggja. Allir voru til fyrirmyndar að vanda og andinn góður. Ný vinatengsl, góður húmor og faglegt æskulýðsstarfi eru orðin sem fyrst koma uppí hugann þegar helgin er gerð upp.



Frá Kvenfélagi Hrunamannahrepps.

Aðalfundur; stjórn, nefndir, veitingahópar, ferðalag

Vorfundur

Leikhúsferð

Netfangalisti

Aðalfundur 2011 var haldinn 29. mars síðastliðinn. Kosið var um formann og 3 meðstjórnendur. Allar konur gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa og hlutu þær allar kosningu. Stjórn kvenfélagsins 2011 er svohljóðandi: Anna Kr. Ásmundsdóttir formaður, Arnfríður Jóhannsdóttir gjaldkeri, María Magnúsdóttir ritari og meðstjórnendur eru Helena Eiríksdóttir, Ingibjörg Steindórsdóttir og Sigríður Jónsdóttir. Jafnframt voru tilkynntar nefndir og munu nefndarkonur fá tilkynningu þar að lútandi innan tíðar.

Öllum nefndum sem lokið hafa störfum er þakkað af alhug gott og óeigingjarnt starf. Sérstaklega er tilefni til að minnast á námskeiðanefnd en nær öll námskeið sem haldin hafa verið í vetur hafa verið vel sótt og mikil ánægja með þau. Námskeiðanefnd lá niðri um tíma hjá félaginu vegna dræmrar þátttöku á námskeiðum og er því afar ánægjulegt að sjá að skriður er aftur að komast á námskeiðahald félagsins.

Tilkynnt var á aðalfundi að skipulag veitingahópa verður lagt niður. Í nokkur ár höfum við reynt að vinna eftir þessu skipulagi en það hefur ekki gengið sem skyldi og því var ákveðið að leggja hópana niður. Við viljum biðja allar þær konur sem vilja breyta sínu vinnuframlagi við veitingasölu að koma þeim upplýsingum hið fyrsta til stjórnar.

Á fundinum kom upp tillaga að skipa í ferðanefnd vegna fyrirhugaðrar utanlandsferðar á afmælisárinu, 2012. Óskað var eftir sjálf-
oðaliðum og tóku þrjár konur vel í að skipuleggja slíka ferð. Ferðanefndina skipa Esther Guðjónsdóttir, Marta E. Hjaltadóttir og Else Nielsen.

Framundan hjá okkur í maí er leikhúsferð og vorfundur og verður það nánar auglýst síðar. Þó má geta þess hér að stefnt er að því að fara að sjá leikritið „**Bjart með köflum**“.

Netfangalisti kvenfélagsins er enn í mótun og ítrekum við beiðni okkar um að konur í félaginu sem hafa netföng og eru ekki komnar á póstlistann okkar að koma til okkar netfangi sínu svo við getum bætt þeim á listann. Við notum þennan póstlista til að senda til ykkar tilkynningar og auglýsingar.

Í lokin vill kvenfélagið þakka fyrir samvinnu og góða þátttöku í starfi félagsins, bæði félagskvenna og samfélagsins í heild sinni.

Anna Ásmundsdóttir: anna@fludaskoli.is – gsm: 896-6430

Arnfríður Jóhannsdóttir.: dalbaer1@mi.is – gsm: 896-0430

María Magnúsdóttir: mariamagg@simnet.is – gsm: 893-6520



Leikskólafréttir

Hér í Undralandi hefur veturinn runnið hjá á ofurhraða enda er tíminn fljótur að líða í skemmtilegum verkefnum. Að vanda höfum við farið í vettvangsferðir, heimsóknir, fengið heimsóknir og unnið á skapandi hátt úr þeim efnivið sem við höfum aflað í ferðum okkar. Í framhaldi af því langar okkur að þakka þeim fjölmörgu sem hafa tekið á móti okkur þegar við erum í könnunarleiðöngrum um sveitina okkar, einnig þeim sem komið hafa færandi hendi með efnivið af ýmsum toga. Það er ómetanlegur fjar-sjóður að eiga svona yndislegt samfélag.

Útikennslan er alltaf að vega meira í starfi okkar, enda hvað er dásamlegra en að læra að þekkja náttúruna og umhverfið sem við búum í. Í vetur varð snjórinn litríkur og pollarnir breyttu um lit, við höfum kynnt börnin fyrir herra greni og frú furu, hlustað á lækinn, sullað í ánni, háfað síli, soðið egg í hvernum, tálgað og klifið kletta og styrkt þol okkar með gönguferðum og leikjum. Markmið okkar með útikennslu er að börnin læri að njóta náttúrunnar. Að þau læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og að meta þau auðæfi sem í henni býr. Útivera barna eflir líka alhliða þroska þeirra, eykur andlega og líkamlega heilsu, vellíðan, styrk og þol.

Nú erum við í óða önn að undirbúa páskana með fræðslu og tilheyrandi skreytingum. Elstu börnin okkar hafa verið í skólaheimsóknum í allan vetur og senn líður að vorskóla með 1.bekk. Vorskólinn er í þrjá daga með skiptiheimsóknum, sundi og skógarferð, reglulega skemmtilegir dagar. Vorsýningin okkar verður svo 20. maí, þá er sýning á verkum barnanna og á því starfi sem fram hefur farið yfir veturinn.

Við hvetjum þá foreldra sem eiga eftir að sækja um leikskólavist fyrir næsta vetur að gera það fyrir 1. maí. Allar upplýsingar eru hjá leikskólastjóra eða að finna á heimasíðu leikskólans <http://www.undraland.is/>.

Ef þið eigið ónýtt/gömul rafmagnstæki, sófa sem þið þurfið að losna við, tölur og garn værum við þakklát að fá það til okkar í leikskólann.

Með kveðju



Uppsveitadeild æskunnar: Alexandra Garðarsdóttir á “fáki fráum”

.Ljós:SigSigm

